

## REGLUGERÐ

### um gatnagerðargjöld í Vestmannaeyjakaupstað.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja leggur gatnagerðargjöld á lóðir í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

#### 2. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að leggja bundið slitlag á götur og til frágangs gangstétta.

#### 3. gr.

Gjaldið skal miða við ákveðinn hundradshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús .....	1.5%
Fjölbýlishús 6 íbúðir eða fleiri .....	0.7%
Önnur íbúðarhús .....	1.0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar .....	1.5%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atv. húsn. ....	0.7%
Opinberar byggingar .....	1.5%

Af kjöllurum, bifreiðageymslum, sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnurekstrar, skal greiða hálf gald. Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 20.00 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss, samkvæmt samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirfarandi lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bilgeymslu .....	500 m <sup>3</sup>
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús hver íbúð ....	400 m <sup>3</sup>
Fjölbýlishús, hver íbúð .....	300 m <sup>3</sup>

Í atvinnuhúsnæði skal ætíð, við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds, miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni lægri lofthæð. Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

#### 4. gr.

Gjald skv. 3. gr. miðast við byggingarkostnað á rúmmetra skv. útreikningi Hagstofu Íslands, þegar lagning bundins slitlags fer fram.

Ef hús er byggt við fullgerða götu skal miða við byggingarkostnað þegar teikning er samþykkt í byggingarnefnd.

#### 5. gr.

Gjald skv. 1. gr. er bundið því skilyrði, að ekki hafi áður verið innheimt gatnagerðargjald B af fasteignum.

#### 6. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 3. gr. greiðist þannig að 20% greiðist út þegar lagning bundins slitlags fer fram, en eftirstöðvar með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir 10% greiðast eftir á, á sömu gjalddögum.

Heimilt er gjaldanda að halda eftir 20% gjaldsins uns gangstétt hefur verið lögð við hús hans. Ef gangstétt er lögð að hluta, má halda eftir greiðslu á 10% gjaldsins.

Bæjarráði er heimilt að veita afslátt og/eða rýmri gjaldfrest, þegar um er að ræða fasteignir þeirra aðila, sem njóta ívilnunar í fasteignaskatti sbr. II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Ef um gjaldfrest er að ræða miðast gatnagerðargjaldið við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar gjaldið er innheimt.

## 7. gr.

Bæjarráð getur gefið gjaldfrest, lækkað eða fellt niður öll gjöld af húsum ellilífeyrisþega eða öryrkja, ef ástæður eru hágar.

Ef um gjaldfrest er að ræða, miðast gatnagerðargjaldið við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar gjaldið er innheimt.

## 8. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja-kaupstaðar staðfestist hér með samkv. lögum nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1977.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 486 11. nóvember 1975 um álagningu gatnagerðargjalda við byggðar götur í Seyðisfjarðarkaupstað sbr. rgl. nr. 145 26. apríl 1976 um breytingu á þeirri reglugerð.

## 5. gr. orðist svo:

Heimilt er bæjarstjórn að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjöld af eignum fasteigna sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða örorku að stríða.

Ef afsláttur er veittur af gatnagerðargjalda eða það fellt niður samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar skal bæjarstjórn heimilað að leggja gjaldið á að nýju með hækkun samkvæmt vísitölu sbr. 1. gr. þegar eigendaskipti verða á viðkomandi fasteign enda sé kvöð þar um þinglýst á fasteignina.

Ekki telst það eigendaskipti að fasteign þótt eftirlifandi maka sé veitt búsetuleyfi.

Heimilt er bæjarstjórn að veita afslátt eða fella niður að hluta gjöld af umframstærðum fasteigna þegar sérstakar ástæður koma til að mati bæjarstjórnar.